



Gamla Fiskifélagshúsinu á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu verður breytt í hótél seinna á árinu. Áður verða byggðar ofan á húsið 5 hæðir og það allt endurnýjað.

Fiskifélagshúsið verður hótél

GAMLA Fiskifélagshúsinu á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu verður breytt í hótél seinna á árinu. Áður verða byggðar ofan á húsið fimm hæðir og húsið allt endurnýjað að innan sem utan, en lögð áhersla á að það haldi sínum upprunalegu einkennum. Fiskifélagið reisti húsið 1933 og hlaut það nafnið Höfn eftir bóndabæ sem þarna stóð. Fiskifélagið var stofnað 1911 og hafði verið í leiguhúsnæði með starfsemi sína, meðal annars í Austurstræti, áður en hún fluttist í Höfn.

Guðjón Samúelsson, arkitekt, teiknaði húsið upphaflega og utan á það var sett hrafntinna eins og sett var utan á Þjóðleikhúsið og eru þetta einu húsin á landinu þar sem þessi

dýrmæta steintegund var notuð. Í húsin voru í mörg ár, auk starfsemi Fiskifélagsins, vélstjóranámskeið fyrir vélstjóra á fiskibátum og var svo fram yfir 1960 er námskeiðin voru sameinuð Vélskólanum sem starfræktur var við hlið Sjómannaskólans.

Hjá Fiskistofu sem sett var á stofn 1992 og var til húsa í Höfn frá upphafi þar til fyrir viku síðan, starfar enn fólk sem starfaði hjá Fiskifélaginu og man enn eftir vélahljóðinu sem glumdi um húsið þegar námskeiðin stóðu yfir. Námskeiðin voru í horninu sem snýr út að horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu og var þar stór svelgur í gólfinu til að affallið af vélinni, sem þar stóð, færi niður. Í herberginu er

enn til minja um gamlan tíma stór stállykkja fest í loftið sem var notuð sem festing fyrir vélina sem þar stóð í eina tíð.

Húsið hefur tekið breytingum í tímans rás en 1971 var það sambyggt gamla Útvarpshúsinu sem nú heitir Sjávarútvegshús. Tilviljanirnar eru margar því faðir Svanfríðar hóteleiganda, Jón Einarsson, nú orðinn áttátíu og níu ára gamall, var útskrifaður í þessu húsi fyrir síðari heimstýrjöld með Maskínistaprófið hið meira, sem gaf honum réttindi á fiskibátana og í næsta húsi situr sjávarútvegsherrarnir, Einar Kristinn Guðfinnsson, en hann var formaður Fiskifélagsins í mörg ár.

Eftir breytingarnar verður þarna

nýttu hótél með 105 herbergjum og veitingastað á efstu hæðinni og mun það söma sér í umhverfinu eins og á fyrstu árunum, áður en Útvarpshúsið og Sedlabankahúsið yfirgnæfðu það.

Félag í eigu Miðbæjarhótelna ehf., CenterHotels og Verkfræðistofunnar Hafnar hafa keypt Fiskifélagshúsið til að breyta því og mun það heita Hótél Arnarhvoll en fyrir eru Hótél Skjaldbreið og Hótél Klöpp í þessari hótélkeðju. Arkitektar eru Eon arkitektar ehf., Hlédis Sveinsdóttir og Gunnar Bergmann Stefánsson. Eigendur Miðbæjarhótelna eru hjónin Kristófer Oliversson og Svanfríður Jónsdóttir. Verkfræðistofan Höfn er í eigu Jóns Pálssonar og Sturlaugs Þorsteinssonar.